

Lífsleikni

Kennarar: Hrafnhildur Þórólfsdóttir; Jóhanna Ása
Einarsdóttir

Markmið:

- Að þjálfar nemendur í mannlegum samskiptum og tillitssemi.
- Að nemendur vinni gegn einelti.
- Nemendur kynnist frekar Uppbyggingarstefnu, vinni með hlutverkin og þekki grunnþarfirnar og lífsgildi og geti rætt um þau.
- Að nemendur geti greint og lýst ýmsum tilfinningum, t.d. hamingju, gleði, sorg og reiði.
- Að nemendur séu meðvitaðir um gildi mannréttinda og jafnréttis.
- Að nemendur geti tileinkað sér holla neysluhætti og svefnvenjur.
- Að nemendur geti gert sér grein fyrir að mismunandi siðir og reglur geta gilt innan fjölskyldna án þess að það hafi áhrif á gagnkvæma virðingu og samkennd.
- Að nemendur geti sett sér raunhæf markmið og unnið að þeim.
- Að nemendur geti gert sér grein fyrir áhrifum fyrirmýnda.
- Að nemendur öðlist færni í samvinnu, framkomu og geti rætt ýmis álitamál við hvort annað.

Námsefni:

Efni frá uppbyggingarstefnunni. Ýmist efni frá kennurum.

Kennsluaðferðir:

Einstaklingsvinna, umræður, hópavinna, leikir og bekkjarfundir. Reynt er að flétta lífsleiknina inn í aðrar námsgreinar eins og kostur er.

Námsmat:

Vinna nemenda verður metin með símati bæði munnlegu og skriflegu. Nemendur eru einnig metnir út frá lykilhæfni aðalnámskrár og leggur skólinn áherslu á vönduð vinnubrögð, jákvæð samskipti og ábyrgð nemenda á eigin námi.

Kjörorð skólans virðing, samhugur, menntun og ábyrgð verða höfð að leiðarljósi í starfi bekkjarins.

G.Í. Samfélagsgreinar 5. bekkur - Hugarheimur- Sjálfsmýnd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- geti tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti
- geti sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni
- geti metið jákvæð og neikvæð áhrif í umhverfinu á líf sitt og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra
- geti sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum

G.Í. Samfélagsgreinar 5. bekkur - Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- geti sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra
- geti sýnt samferðafólki sínu tillitsemi og umhyggju
- geti rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum
- geti rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra

Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Tjáning og miðlun

- Tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum.
- Gert grein fyrir og miðlað af þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á þann hátt sem við á hverju sinni.
- Hlustað eftir rökum og upplýsingum í samræðum og byggt upp röksemdafærslu í máli sínu og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.

Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Skapandi og gagnrýnin hugsun

- Áttað sig á mismunandi túlkunum og greint milli staðreynda og skoðana með rökum.
- Lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna á skapandi hátt.

Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Sjálfstæði og samvinna

- Gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og tekið þátt í að útfæra leiðir að sameiginlegum markmiðum.

- Unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla.
- Tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt.

Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk - Ábyrgð og mat á eigin námi

- Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi.